



58. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra *Fundargerð*

Fundur haldinn í Hofi á Akureyri, miðvikudaginn 6. desember 2023, og hófst fundurinn kl. 11.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón Ólafsson, Axel Grettisson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Hermann Ingi Gunnarsson boðaði forföll. Starfsfólk SSNE sat einnig fundinn, auk þess sem seinni hluta fundarins komu til fundarins starfsfólk frá EIMI, Markaðsstofu Norðurlands, verkefninu Áfram Hrísey og Kistunni á Þórshöfn.

Formaður hóf fundinn á að bjóða öll velkomin og bað fólk að kynna sig. Í kjölfarið fól hún Elvu Gunnlaugsdóttur stjórn fundarins.

1. Vinnufundur stjórnar og starfsfólks SSNE

Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE hóf fundinn á að minna á að nú er opið fyrir umsóknir í C.1. Sértek verkefni Byggðaaáætlunar, en frestur er til mánudagsins 22. janúar 2024. Í framhaldi var yfirferð og umræða um starfsáætlun SSNE 2024. Þá voru unnar SVÓT greiningar fyrir innri starfsemi SSNE, sem og fyrir Norðurland eystra. En sú greining verður nýtt sem upptaktur að vinnu við nýja Sóknaráætlun Norðurlands eystra sem þarf að vinna á árinu 2024.

Í lok fundar þakkaði formaður fundargestum fyrir góðan fund og starfsfólki fyrir góðan undirbúning.

Fundi slitið kl. 15:30.